



## 409. Stjórnarfundur haldinn 20. mars. 2013 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson(KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Birgir Ingibergsson (BI), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS) og Sveinn Adolfsson (SA).  
Sigurvin Guðfinnsson (SG) og Guðjón Axelsson (GA) fjarverandi.

### 1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkominn bréf.

Bréf frá Greiðslumiðlunar ehf v/ yfirtöku á Nora greiðslu og skráningarkerfi.  
*Framkvæmdastjóra falið að skrifa undir samkomulag um aðilaskipti en Greiðslumiðlun ehf er að yfirtaka Nora.*

Yfirlit frá LÍ v/skuldabréfs félagsins.

### 3. Send bréf.

Engin.

### 4. Stofnfundur blakdeildar.

Stofnfundur blakdeildar verður haldinn 26. mars kl. 20:00. Fundurinn hefur verið auglýstur á heimsíðu félagsins.

### 5. Formannafundur.

EH lagði fram drög að dagskrá formannafundar. Farið yfir drögin og dagskráin samþykkt. *Ákveðið að halda formannafundinn 2. apríl. Kl. 18:00 og bjóða upp á súpu. Framkvæmdastjóra falið að boða fundinn.*

### 6. Landsmótsnefndir.

Umræður um að deildir tilnefni einn fulltrúa í landsmótsnefnd fyrir stóra landsmótið, unglíngalandsmótið og 50+mótið. *Framkvæmdastjóra falið að senda út á deildir félagsins og óska eftir tilnefningu. Verður einnig tekið upp á formannafundi.*

### 7. Önnur mál.

EH og KG sögðu frá fundi sem þeir áttu með Stefáni Bjarkasyni framkvæmdastjóra íþróttasviðs Reykjanesbæjar v/félagsheimilis Keflavíkur.

EH sagði frá fundi sem hann átti með formanni sunddeildar og formanni sundráðs ÍRB v/gruns um einelti. *EH sendi tölvupóst til Æskulýðsvetfangs og óskaði eftir aðkomu þeirra að málinu.*

Umhverfisdagur félagsins verður 27. apríl. *Umhverfisdagur verður ræddur á formannafundi.*

EH lagði fram tilboð í flaggstangarfána frá tveimur aðilum. Ákveðið að taka tilboði frá Bros. *Framkvæmdastjóra falið að panta 100 stk. 180 X 120 og 30 stk. 150 X 220, einnig ákveðið að kaupa 50-100 stk. borðfána.*

Ákveðið að óska eftir tilnefningu frá deildum um fulltrúa í Húsnefnd.

Ákveðið að fara þess á leit við fimleikadeild að vera með leikjanámskeið félagsins.

Næsti fundur ákveðin 4. apríl kl. 17:00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:05

Fundinn ritaði BI

